

Vikufréttir

Vika 3 (17.01 – 21.01. 2022)

Mánudagur

- ✓ Elín Kristjánsdóttir námsráðgjafi verður með fræðslu um framhaldsskólana fyrir 9.bekk

Þriðjudagur

- ✓ Skólastjórnendur funda kl. 08:30

Miðvikudagur

✓

Fimmtudagur

✓

Föstudagur

- ✓ **Bóndadagur – þorri gengur í garð.**

Annað:

Spakmæli:

“Ef maðurinn veit ekki til hvaða hafnar hann ætlar eru allir vindar hagstæðir,“

Umferð við skólann.

Þegar börnum er ekið í skólann eykst umferð í kringum skólasvæði. Ekki er ætlast til þess að ekið sé inn Gunnlaugsgötu og börnum hleypt þar úr bílum. Þar er ekki hringakstur og þar af leiðandi skapast mikil hætta þegar bílar eru að bakka þarna þar sem börn eru oft að leik á þessu svæði. Sleppistæðið fyrir framan skólann á móts við Svarfhól er hugsað fyrir þá aðila sem keyra börn í skólann. Ekki er um langan veg að fara þaðan og að innganginum og því ættu allir að geta gengið þennan spöl. Einnig má benda á að möguleiki er að setja börnin út við tónlistarskólann og þá geta þau gengið upp stigann að skólanum. Til að tryggja öryggi allra barna í skólanum eru foreldrar hvattir til að stilla umferð bifreiða um skólasvæðið í hóf og hvetja börn sín til að ganga eða hjóla í skólann þegar fært er.

Ef sá kostur er valinn þá viljum við minna foreldra og forráðamenn á vefinn www.umferð.is. Þar má finna fræðsluefni og verkefni er varða umferðaröryggi fyrir nemendur á yngsta stigi, miðstigi og unglingastigi ásamt efni fyrir kennara og fjölskylduna.

Á myndinni hér fyrir neðan má sjá svæði skólans og hvar æskilegt er að keyra.



Útgefandi: Grunnskólinn í Borgarnesi.

Ábm.: Guðdís Jónsdóttir